

# Reglugjörð

## fyrir forðagæslumenn í Vestur-Skaftafellssýslu.

### 1. gr.

Þegar forðagæslumaður er kosinn, skal hann afla sjer nægra upplýsinga um stærð heyhúsa í teningsmetrum á forðagæslusvæði því, er hann hefir til umsjónar.

### 2. gr.

Forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar, í fyrra sinn í byrjun nóvembermánaðar og síðara sinn frá 1. apríl til vetrarloka, eftir tíð og ástæðum; þar að auki skal hann svo oft, sem nauðsynlegt er, gera aukaferðir á heimili, er líkur eru til að lendi í þröng (samanber lög nr. 44, 10. nóvember 1913).

### 3. gr.

Í nóvember skal forðagæslumaður athuga vandlega peningsfjölda, heybirgðir og aðrar fódurbergðir, ásamt húsrúm fyrir búpening, og gefa leiðbeiningar, hve mikinn fjenað megi setja á þær fódurbergðir, sem til eru. Í aprilmánuði skal forðagæslumaður kynna sjer fódurbergðir hjá hverjum búanda og ástand búpenings og gera áætlun um fyrningar á fódurbergðum.

Loks skal forðagæslumaður á vorin með fyrirspurnum og eftirgrenslan kynna sjer fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili.

### 4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

### 5. gr.

Eftir hverja skoðun skal forðagæslumaður gera hlutaðeigandi hreppsnefnd ljóst ástandið í hreppnum, og senda henni tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir og hværrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

### 6. gr.

Á hverju ári skal forðagæslumaður gefa hverjum búanda vitnisburð um meðferð og útlit búpenings, ásamt húsakynnum, og rita hann í skoðunarbók sína, samanber 5. og 9. gr. laga nr. 44, 10. nóv. 1913.

## 7. gr.

Forðagæslumenn skulu í hvers árs fardögum senda sýslumanni aðalskýrslu **105**  
um það fardagaár, sem þá er á enda, samkvæmt forðagæslubók hreppsins. **31. ágúst**

## 8. gr.

Á næstu vorhreppskilum eða öðrum almennum sveitafundi, skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt, er í hana hefir verið ritað frá síðustu hausthreppskilum. Skal hann hafa jafnan í hana ritað allar skýrslur um skoðunargerðir sínar á fardagaárinu.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóv. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 31. ágúst 1915.**

**Einar Arnórsson,**

*Jón Hermannsson.*

## **Reglugjörð**

**fyrir forðagæslumenn Kjósarsýslu.**

**106**

**31. ágúst**

## 1. gr.

Forðagæslumaður hver skal vandlega kynna sjer lög nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu, og hegða sjer eftir þeim og reglugjörð þessari.

## 2. gr.

Eftirlitsferðir samkvæmt 3. gr. nefndra laga skal forðagæslumaður fara um gæslusvæði sitt á tímabilinu frá októberbyrjun til 10. desember, hið fyrra, og milli 1. mars og 10. apríl, hið síðara. Að vorinu skal hann eftir bestu föngum afla sjer upplýsinga um skepnuhöld og fyrningar hjá gæslusvæðisbúum.